

sér um uppsetningu og eðlilegt viðhald mælanna, en húseigandi greiðir fyrir uppsetningu og mælaleigu samkvæmt gjaldskrá. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust er hann kann að verða var við bilanir á vatnsmæli. Áætla má vatnsnotkun eftir fyrri notkun ef mælir bilar. Stofngjald fyrir tengingu heimæða sbr. 7. gr. ákveður hreppsnefnd hverju sinni.

## 13. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn til skrifstofu hreppsins. Þar sem aukavatnsskattur er greiddur, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í viðkomandi eign næstu tvö ár eftir gjalddaga og gengur hann fyrir hvers konar sammings- og aðfararveði.

## 14. gr.

Greiða skal fyrir vatn til skipa við afhendingu. Hreppsnefnd er heimilt að semja um fast árgjald fyrir neysluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Grenivík. Einnig að ákveða lágmarksgjald fyrir bilapvottaplön.

## 15. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni ef hún telur gildar ástæður til þess.

## 16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Ef einhver veldur skemmdum á vatnsveitunni skal hann bæta þær að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. ágúst 1977.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

## G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Grenivíkur.

## 1. gr.

Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í, skal vera 0.3% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts.

Almennur vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal þó aldrei vera

lægri en kr. 2 000.00 af skattskyldri fasteign. Af bílaþvottaplani greiðist aukaskattur kr. 15 000.00.

Framangreindir gjaldstuðlar um lágmarksvatnsskatt af fasteign skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts.

## 2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera kr. 7.00 fyrir hvern teningsmetra vatns. Gjaldstuðull á teningsmetra skal breytast eftir verðlagi á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts.

## 3. gr.

Gjald fyrir vatn til skipa skal vera kr. 50.00 fyrir hvern teningsmetra vatns, en þó aldrei lægra en kr. 500.00 fyrir hvert skip.

## 4. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, og ef mælingu verður ekki komið við, skal greiða gjöld, sem hreppsnefndin ákveður.

## 5. gr.

Stofngjald húsa skal ákveðið af hreppsnefnd árlega.

## 6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1 500.00 og leiga kr. 1 500.00 á ári fyrir hvern mæli.

## 7. gr.

Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda þótt ekki liggi fyrir fasteignamat.

## 8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1977.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

## S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað,  
nr. 74 20. mars 1945.

## 1. gr.

63. gr. orðist svo:

Alifugla, svo sem hænsni, endur og gæsir, má ekki hafa í kaupstaðnum, nema þeir séu hafðir í lokuðu byrgi eða annarri jafnöruggri vörslu. Séu alifuglar látnir